



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 15/2013 um endurskoðun á
gjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar**

(markaður 4, áður markaður 11)

30. júlí 2013

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1. Inngangur.....	4
1.1 Ákvörðun PFS nr. 26/2007.....	4
1.2 Nánar um kvöð um eftirlit með gjaldskrá - Kostnaðargreining.....	4
1.3 Ákvarðanir nr. 13/2009 og nr. 30/2011.....	5
1.4 Gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum.....	5
1.5 Málsatvik.....	5
2. Niðurstaða PFS.....	7
2.1 Almennt.....	7
2.2 Ávöxtunarkrafa fjármagns.....	7
2.2.1 Kostnaðargreining Mílu.....	7
2.2.2 Afstaða PFS.....	8
2.3 Rekstrarkostnaður.....	9
2.3.1 Kostnaðargreining Mílu.....	9
2.3.2 Afstaða PFS.....	10
2.4 Fjárfestingarkostnaður.....	10
2.4.1 Kostnaðargreining Mílu.....	10
2.4.2 Afstaða PFS.....	11
2.5 Kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum.....	12
2.5.1 Kostnaðargreining Mílu.....	12
2.5.2 Afstaða PFS.....	12
2.6 Stofn- og aðgangsgjöld.....	12
2.6.1 Kostnaðargreining Mílu.....	12
2.6.2 Afstaða PFS.....	12
2.7 Línufjöldi.....	13
2.7.1 Kostnaðargreining Mílu.....	13



2.7.2	Afstaða PFS.....	13
2.8	Samandregin niðurstaða	13
2.8.1	Kostnaðargreining Mílu.....	13
2.8.2	Afstaða PFS.....	14
2.8.3	Verðsamanburður við sambærilega samkeppnismarkaði	14
2.8.4	Niðurstaða	15

1. Inngangur

1.1 Ákvörðun PFS nr. 26/2007

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007, dags. 21. desember 2007, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum. Umræddur markaður samsvarar markaði 11 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2004 (markaður 4 í tilmælum ESA frá árinu 2008). Fram kom að markaðurinn næði yfir:

- heimtaugar á koparlínupari
- heimtaugagreinar
- skiptan aðgang

Í ákvörðuninni var lögð kvöð á Mílu um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að koparheimtaugum og þjónustu á heildsölustigi. Jafnframt voru lagðar á kvaðir um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá. Mílu var gert skylt að birta viðmiðunartilboð fyrir aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Míla skyldi gera kostnaðarlíkan til útreikninga á gjaldskrá og skyldi hún vera sundurliðuð í grunnverð, aukagjald fyrir skiptan aðgang og gjöld fyrir tengda aðstöðu.

1.2 Nánar um kvöð um eftirlit með gjaldskrá - Kostnaðargreining

Skylda Mílu til að kostnaðargreina verð fyrir heimtaugaleigu byggist á kvöðinni um eftirlit með gjaldskrá og styðst einnig við kvöðina um aðgang og bókhaldslega aðgreiningu.

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti lagði PFS kvöð á Mílu um að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengdri aðstöðu skyldi byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt grunnverð (neðra tíðnisvið).
- Mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengist aðganginum að koparheimtaugum.

Þegar aðgangur skiptist á milli tveggja mismunandi fjarskiptafyrirtækja skal sá greiða grunnverðið sem hefur aðgang að neðra tíðnisviði á koparheimtauginni en hinn greiðir aukagjaldið.

Grunnverð koparheimtauga skal miðast við árlegan rekstrarkostnað heimtaugakerfisins um land allt sem skal byggja á sögulegum kostnaði. Við árlegan rekstrarkostnað er heimilt að bæta afskriftum af fjárfestingum sem ekki er búið að afskrifa og hæfilegum hagnaði að mati

PFS. Niðurstaðan skal gilda sem meðalgrunnverð fyrir landið allt. Aukagjaldið fyrir skiptan aðgang skal miðast við viðbótarkostnað Mílu af því að veita skiptan aðgang.

Allar breytingar á gjaldskrá Mílu vegna heimtaugarleigu þarf að tilkynna til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.

1.3 Ákvarðanir nr. 13/2009 og nr. 30/2011

PFS tók ákvörðun nr. 13/2009 varðandi kostnaðargreiningu fyrir opinn aðgang að koparheimtaugum, dags. 17. júlí 2009. PFS samþykkti kostnaðargreiningu Mílu sem byggði á kostnaðargrunni ársins 2008 með breytingum. Niðurstaða stofnunarinnar var að mánaðarlegt grunnverð heimtaugar væri 916 kr. (neðra tíðnisvið) og fyrir skiptan aðgang 302 kr. (efra tíðnisviðið), alls væri því gjald fyrir fullan aðgang 1.218 kr. sem væri 6,18% hækkun frá þáverandi gjaldskrá. Heimilaði stofnunin Mílu að miða við ofangreind verð frá og með 1. september 2009.

Míla kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Nefndin staðfesti niðurstöðu PFS með úrskurði nr. 4/2009, dags. 15. janúar 2010, að öðru leyti en því að taka skyldi tillit til fjármagnskostnaðar vegna veltufjárbindingar sem næmi meðalstöðu birgða vegna reksturs og uppbyggingar aðgangsnetsins. Með bréfi dags. 25. janúar staðfesti PFS uppfærða kostnaðargreiningu Mílu með framangreindum breytingum. Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug skyldi vera 1.223 kr. á mánuði án vsk., þar af skyldi grunnverð vera 920 kr. og verð fyrir skiptan aðgang 303 kr. og heimilaði stofnunin Mílu að hækka gjaldskrána frá og með 1. mars 2010.

Í ágúst 2011 lagði Míla fram endurskoðaða kostnaðargreiningu á koparheimtaugum, stofngjöldum og aðgangi að tengigrindum. Í nóvember sama ár var gjaldskrá Mílu endurskoðuð á grundvelli kostnaðargreiningarinnar með ákvörðun nr. 30/2011. Núverandi gjaldskrá Mílu byggir á þessari ákvörðun.

1.4 Gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum

Núverandi gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugaleigu er sem hér segir.

<i>Tegund aðgangs</i>	<i>Mánaðargjald</i>
Grunnverð fyrir heimtaug (neðra tíðnisvið) *	959
Fullur aðgangur að heimtaug	1.276
Skiptur aðgangur að heimtaug (efra tíðnisvið)	317

*Ávallt er innheimt grunnverð fyrir aðgang að heimtaug.

1.5 Málsvik

Með bréfi, dags. 17. apríl 2013, barst stofnuninni erindi frá Mílu ásamt kostnaðargreiningu á koparheimtaugum, sem byggir á rekstrarárinu 2012.

Í samræmi við niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar óskaði Míla eftir heimild PFS til að hækka verð fyrir fullan aðgang að heimtaugum úr 1.276 kr. á mánuði í [...] ¹ kr. á mánuði, verð fyrir neðra tíðnisvið úr 959 kr. á mánuði í [...] kr. á mánuði og verð fyrir efra tíðnisvið úr 317 kr. á mánuði í [...] kr. á mánuði.

Kostnaðargreining Mílu er byggð á sömu reikniaðferðum og í síðustu greiningu að öllu leyti nema því að í stað þess að miða við verðlag á miðju ári 2012 og meðalfjölda lína ársins 2012 voru fjárfestingarnar framreiknaðar til mars 2013, rekstrarkostnaður ársins 2012 var framreiknaður til mars 2013 og fjöldi lína miðaðist við stöðu (reiknað magn línuígilda) í desember 2012. Miðað er við 8,0% WACC hlutfall.

Að mati Mílu er óeðlilegt að þær tekjur sem Míla þarf til að standa undir rekstri koparheimtauga miðist við útlagðan kostnað fyrir meira en einu ári og því leggur Míla til þessa breytingu. Sú aðferð sem PFS hafi ákveðið að miða við hingað til geri það að verkum, eins og Míla hafi margoft bent á, að fyrirtækið nái ekki þeirri ávöxtun sem reiknað hafi verið með. Ástæða þess sé að þegar tekjurnar verða til sé rekstrarkostnaður orðinn hærri vegna verðlagsbreytinga.

Míla bendir á að [...].

Míla vísar einnig í IV kafla reglugerðar nr. 564/2011 þar sem fjallað er um útreikniaðferðir við gerð kostnaðarlíkana. Í kaflanum komi fram að miða skuli við LRIC kostnaðarlíkan þar sem tekið sé mið af þeim kostnaði sem í framtíð muni stafa af því að reka viðkomandi þjónustubátt. PFS sé heimilt að nota aðrar útreikniaðferðir ef LRIC aðferðir teljist sérlega íþyngjandi í framkvæmd.

Míla nefnir að ekki liggi fyrir niðurstaða um það hvaða leið verði fyrir valinu við gerð kostnaðarlíkans, en hvort sem PFS kjósi að fara LRIC leið eða aðra, þá beri reglugerðin þess merki að vilji sé til þess að horfa til framtíðar við mat á kostnaði í stað þess að byggja eingöngu á sögulegum kostnaði.

Míla telur því að eðlilegt framhald í þróun kostnaðarlíkana sé að miða við núverandi verðlag í stað þess að miða við sögulegan kostnað.

Með tölvupósti til Mílu dags. 3. maí 2013 óskaði PFS eftir frekari skýringum á fjárfestingum í koparheimtaugum á árinu 2012 og fór jafnframt fram á upplýsingar um fjölda línuígilda [...].

Svar barst frá Mílu þann 15. maí 2013 þar sem fram kom að [...]. Með svari Mílu fylgdi yfirlit yfir fjölda línuígilda fyrstu fjóra mánuði ársins 2013.

Á tímabilinu 5. – 18. júní sl. efndi PFS til samráðs við markaðsaðila um fyrirhugaða ákvörðun í máli þessu. Engar athugasemdir bárust. Þann 26. júní sl. efndi PFS til samráðs við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um hina fyrirhuguðu ákvörðun. Álit ESA barst með bréfi, dags. 26. júlí sl. ESA heimilaði PFS að taka hina fyrirhuguðu ákvörðun en gerði athugasemdir í þremur liðum. Í fyrsta lagi benti ESA á að markaðsgreining á koparheimtaugamarkaði (eldri markaður 11) væri frá árinu 2007 og því væri orðið aðkallandi að PFS lyki endurskoðun á

¹ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

heimtaugamarkaði (markaður 4) sem fyrst, en PFS hefði upplýst stofnunina um að þeirri markaðsgreiningu lyki síðar á árinu. Í öðru lagi hvatti ESA PFS, í þeirri markaðsgreiningu sem nú stæði yfir á heimtaugamarkaði, til að kveða skýrt á um það hvernig sú kostnaðargreining sem yrði fyrir valinu myndi koma til með að þjóna áfram markmiðum fjarskiptaregluverksins, auk þess sem þess væri farið á leit við PFS að tillit yrði tekið til þeirra leiðbeininga sem fram myndu koma í tilmælum um kostnaðargreiningaraðferðir sem framkvæmdastjórn ESB væri nú með til vinnslu, þegar þær litu dagsins ljós. Að lokum skoraði ESA á PFS að gera, í þeirri markaðsgreiningu sem nú stæði yfir á heimtaugamarkaði, skýra grein fyrir þeim meginreglum sem gilda skyldu um endurskoðun á verðum fyrir heimtaugaleigu, til að skapa fyrirsjáanleika varðandi slík heildsöluverð með það fyrir augum að skapa skýran ramma varðandi fjárfestingar í heimtauganetum og drífa samkeppni áfram.

Nánar er gerð grein fyrir einstökum atriðum í greiningu Mílu og afstöðu stofnunarinnar í viðeigandi köflum hér á eftir, s.s. um línufjölda, fjárfestingu, ávöxtunarkröfu og rekstrarkostnaði.

2. Niðurstaða PFS

2.1 Almennt

Í köflum 2.2 til 2.8 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS í þeirri kostnaðargreiningu, sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir heimtaugaleigu. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

1. Ávöxtunarkrafa fjármagns.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Fjárfestingarkostnaður.
4. Kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum.
5. Stofn- og aðgangsgjöld.
6. Línufjöldi.
7. Samandregin niðurstaða.

Hver undirkafla er þannig upp byggður að fyrst er gerð grein fyrir kostnaðargreiningu Mílu, og síðan afstöðu PFS varðandi sérhvert atriði. Í kafla 2.8 er síðan niðurstaða PFS dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

2.2 Ávöxtunarkrafa fjármagns

2.2.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 17. apríl sl.

„Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) reiknast þannig:

	2012
Áhættulausir vextir.....	3,48%
Skuldaálag.....	3%
<i>Kostnaður skulda</i>	<i>6,48%</i>
Markaðsálag.....	5,00%
Óvoguð beta.....	0,5
Voguð beta.....	0,72
Eigið fé.....	0,65
Skuldir/Eigið fé.....	0,54
Önnur áhætta (alpha).....	0,00
Skatthlutfall.....	0,20
<i>Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta</i>	<i>7,06%</i>
<i>Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta</i>	<i>8,82%</i>
WACC fyrir skatta	8,00%

Reikniaðferð miðast við sömu aðferðarfræði og áður. Áhættulausir vextir miðast við meðaltal síðustu 5 ára á verðtryggðum bréfum skuldabréfaflokki HFF1504 2034.“

2.2.2 Afstaða PFS

Í 16. gr. reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við reglugerð nr. 564/2011. CAPM líkanið skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspegla tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði. PFS ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) fyrir einstaka fjarskiptamarkaði út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og -skulda.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við forsendur PFS er sýndur í töflunni hér að neðan.

Útreikningur á ávöxtunarkröfu Mílu

Ávöxtunarkrafa

Áhættulausir vextir	3,48%
Óvoguð beta	0,50
Voguð beta	0,72
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	7,06%
Áhættulausir vextir	3,48%
Skuldaálag	3,00%
Kostnaður skulda	6,48%
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	20%
Kostnaður skulda eftir skatta	5,18%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	7,06%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	8,82%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	8,00%

Mat PFS á vegnum meðalkostnað fjármagns (WACC real) fyrir Mílu er 8,0% fyrir árið 2012 í útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við þjónustuframboð félagsins. Ekki er tekið tillit til stöðu veltufjár og -skulda í útreikningum PFS að þessu sinni.

2.3 Rekstrarkostnaður

2.3.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 17. apríl sl.

„Rekstrarkostnaður síðustu þriggja ára er sem hér segir:

[...]

Eins og sjá má hér að ofan er rekstrarkostnaður ársins 2012 [...]

Sundurliðun rekstrarkostnaðar á tegundir:

[...]

Eins og sjá má hér að ofan hækkar rekstrarkostnaður fyrir skatta um [...] m.kr. á milli ára. Þar af hækkar kostnaður [...]

[...].“

2.3.2 Afstaða PFS

Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað aðgangsnets félagsins á árinu 2012 og þróun einstakra kostnaðarliða frá því að síðasta kostnaðargreining var gerð sem miðaðist við árið 2010. PFS byggir á framlögðum upplýsingum Mílu við mat sitt. Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

PFS hefur til hliðsjónar mat stofnunarinnar á hvað teljist eðlilegur og hagkvæmur rekstur aðgangsnetsins í samræmi við niðurstöðu stofnunarinnar í kostnaðargreiningum sem gerðar voru á árunum 2002 og 2009, þar sem nánari grein er gerð fyrir forsendum og kostnaðaruppbyggingu aðgangsnetsins.

Rekstrarkostnaður aðgangsnetsins á árunum 2012 og 2010

[...]

PFS horfir jafnframt til þróunar heildar rekstrarkostnaðar aðgangsnetsins á milli árunna 2010 og 2012 við mat sitt. Rekstrarkostnaður hefur hækkað um tæplega [...] % á milli árunna á sama tíma og almennt verðlag hækkaði um tæp 13%, en línúígildum fækkaði um tæp [...] % milli árunna 2010 og 2012.

Inni í framangreindum kostnaðartölum aðgangsnetsins er kostnaður vegna stofngjalda heimtauga og aðgangs að tengigrindum, sem taka þarf tillit til þegar mánaðargjald heimtauga er reiknað. Nánar er fjallað um framangreint í kafla 2.6 hér á eftir.

Í útreikningum á mánaðargjaldi heimtauga styðst PFS við upplýsingar frá Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu. PFS telur að Míla hafi lagt fram fullnægjandi skýringar á einstökum þáttum þar sem frávik eru.

Niðurstaða PFS er því að sá rekstrarkostnaður Mílu á árinu 2012 sem lagður er til grundvallar útreiknings heimtaugaleigu nemi samtals [...] millj. kr.

2.4 Fjárfestingarkostnaður

2.4.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 17. apríl sl.

„Yfirlit yfir fjárfestingar:

[...]

Miðað er við sömu útreikniáferð og notuð var í útreikningum árið 2011.

Sundurliðun fjárfestinga á ár framreiknað“

[...]

Fjárhæðir í töflunni hér að ofan eru framreiknaðar m.v. meðalverðlag ársins 2012.

„Fjárfestingar á nafnverði:

[...]

2.4.2 Afstaða PFS

Í 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmilega rekin og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins. Jafnframt segir í reglugerð nr. 564/2011 að þegar stofn fjárfestingar styðst við sögulegan kostnað skal PFS hafa til samanburðar áætlað verð fjárfestingar sem myndi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

Míla byggir á sömu aðferðafræði og PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 13/2009 og vísast til þeirrar ákvörðunar varðandi nánari umfjöllun um forsendur og niðurstöðu PFS. Í ákvörðun PFS nr. 13/2009 kom fram hvaða aðferð stofnunin teldi rétt varðandi útreikning á fjárfestingum Mílu sl. 20 ár. PFS gengur út frá tölum frá Mílu yfir fjárfestingar árána 2002 til 2012 og tekur PFS tillit til meðalfjárfestingar á ári miðað við stofn í árslok 2001 vegna árána 1991-2001. Eignir með 20 ára endingartíma eru metnar í samræmi við fjárfestingar á 11 ára tímabili, 2002 til 2012, en eldri fjárfestingar eru metnar sem hlutfallið 9/20 af stofni ársins 2001. Eignir með 10 ára endingartíma eða skemmri eru með sama hætti metnar á grundvelli fjárfestinga 2003 til 2012.

Stofnverð fjárfestinga 1991 – 2012 (á verðlagi hvers árs)

[...]

PFS hefur framreiknað fjárfestingar Mílu til verðlags ársins 2012 með meðal byggingarvísitölu (573,1) sem leið til að finna stofn fjárfestingar sem lagður er til grundvallar við mat á árgreiðslu. Framreiknaðar fjárfestingar skv. framangreindum forsendum nema alls [...] millj. kr. á meðalverðlagi ársins 2012.

Stofnverð framreiknað m.v. meðal byggingarvísitölu ársins 2012

[...]

Fjárfestingarstofn og líftími

[...]

Niðurstaða Mílu er að framreiknuð fjárfesting nemi [...] milljörðum króna á meðalverðlagi 2012, en niðurstaða PFS er tæplega [...] milljarðar króna. Þessi mismunur skýrist að mestu af mismun vegna afskriftatíma. Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða PFS að samþykkja að stofn fjárfestingar til útreiknings árgreiðslu, miðað við meðal verðlag ársins 2012, sé alls [...] millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðu í útreikningi á árgreiðslu fjárfestingar.

Árgreiðsla fjárfestinga

[...]

Árgreiðsla vegna fjárfestinga er metin [...] millj. kr. Að hluta til skiptist fjárfestingarstofninn á milli heimtauga og stofngjalda þegar viðkomandi gjaldskrá er ákvörðuð. Ekki er hægt með nákvæmum hætti að skipta heildarfjárfestingu í heimtaugakerfinu og þar með árgreiðslu á milli heimtaugamarkaðar og markaðar fyrir lúkningu leigulína, enda er í grunninn um sama kostnað að ræða að mestu.

2.5 Kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum

2.5.1 Kostnaðargreining Mílu

Míla reiknar út að kostnaður vegna fjárbindingar í birgðum árið 2012 sé [...] millj. kr. miðað við 8,0% ávöxtunarkröfu (WACC). Meðalstaða birgða hefði verið [...] millj. kr. á árinu 2012.

2.5.2 Afstaða PFS

PFS vísar í úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009, dags. 15. janúar 2010, varðandi kostnaðargreiningu fyrir opinn aðgang að koparheimtaugum. Í úrskurðarorðum er mælt fyrir um að PFS taki tillit til fjárbindingar Mílu í veltufjármunum sem nemi meðalstöðu birgða sem tilheyra rekstri og uppbyggingu aðgangsnetsins.

Fram kemur í erindi Mílu að meðalstaða birgða sem tengjast koparkerfinu (aðgangsnetinu) hafi verið um [...] millj. kr. á árinu 2012. Miðað við þær forsendur þá gerir PFS ekki athugasemdir við þá niðurstöðu Mílu að fjárbindingar í birgðum árið 2012 séu [...] millj. kr.

2.6 Stofn- og aðgangsgjöld

2.6.1 Kostnaðargreining Mílu

Míla dregur stofn- og aðgangsgjöld ársins 2012 frá fjárfestingar- og rekstrarkostnaði að fjárhæð [...] millj. kr.

2.6.2 Afstaða PFS

Við mat á heimtaugaleigu er tekið tillit til hlutdeildar leigulína í formi leiguígilda, auk þess sem fjárfestingar- og rekstrarkostnaður er lækkaður um samtals [...] millj. kr. vegna stofngjalda og aðgangs að tengigrindum (ytri sala) sem gjaldfært er sérstaklega fyrir, skv. gjaldskrá þar um.

2.7 Línufjöldi

2.7.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 17. apríl sl.

„Hér að neðan má sjá fjölda línuígilda skipt á vöruflokka innan koparheimtauga:

Eins og sést hér að ofan eru töluverðar breytingar á milli vöruflokka á árinu 2012. [...]

Í tölvupósti Mílu dags. 3. maí sl. lagði Míla fram viðbótarupplýsingar varðandi þróun á fjölda línuígilda á árinu 2013.

Línuígildi fyrstu 4 mánuði ársins 2013:

[...]

2.7.2 Afstaða PFS

PFS gerir ekki athugasemd við niðurstöðu Mílu enda er hún byggð á þeirri aðferð sem PFS samþykkti í ákvörðun sinn nr. 13/2009. Fjöldi línuígilda er því metinn alls [...] fyrir árið 2012. Fram kom í erindi Mílu dags. 17. apríl sl. að leigðum heimtaugum [...].

Í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 564/2011 telur PFS rétt að við endurskoðun gjaldskrár Mílu fyrir heimtaugaleigu skuli tekið tillit til fækkunar heimtauga [...]. PFS hyggst miða við [...] sem er fjöldi línuígilda [...].

2.8 Samandregin niðurstaða

2.8.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 17. apríl sl.

„Miðað við sömu aðferðarfræði og í fyrri greiningum þarf að hækka verð fyrir heimtaug úr 959 í [...] kr. eða [...] %. Sé hins vegar miðað við verðlag í mars 2013 og fjölda línuígilda í árslok 2012 þarf að hækka verð fyrir heimtaugar í [...] kr. eða [...]%.“

[...].

Í samræmi við greininguna óskar Míla eftir heimild frá PFS um að hækka verð fyrir heimtaugar í [...] kr./mánuði, verð fyrir skiptan aðgang í [...] kr./mánuði og verð fyrir fullan aðgang að heimtaug í [...] kr./mánuði.“

Meginforsendur Mílu eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður er grundvallaður á rekstri ársins 2012. Rekstrarkostnaðurinn var síðan framreiknaður til mars 2013.

- Fjárfestingar voru framreiknaðar með byggingarvístölu til meðalverðlags ársins 2012 og síðan framreiknað til mars 2013.
- Einingarfjöldi er miðaður við fjölda línúígilda í árslok 2012.
- Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) er 8,0%.

2.8.2 Afstaða PFS

Í framangreindri kostnaðargreiningu er byggt á sögulegum kostnaði ársins 2012. Kostnaðargreiningin nær til aðgangs að koparheimtaug og fyrir skiptan aðgang. Kostnaðargreining þessi nær ekki til ljósnetts Mílu enda er sú þjónusta ekki bundin kvöðum. Niðurstaða Mílu er að heimtaugaleiga koparheimtauga skuli hækka um [...] % þegar tekið hefur verið tillit til framreiknings til verðlags í mars 2013.

PFS samþykkir niðurstöðu Mílu hvað varðar rekstrarkostnað, stofn- og aðgangsgjöld og fjárbindingar í veltufjármunum. PFS lækkar hins vegar stofnverð fjárfestinga úr [...] milljörðum í tæpa [...] milljarða. Jafnframt telur PFS rétt að miða við fjölda línúígilda [...].

PFS samþykkir ekki að framreikna rekstrarkostnað og fjárfestingakostnað til mars 2013 eins og Míla leggur til. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því fyrirfram að kostnaður við að veita aðgang að heimtaugum fylgi almennu verðlagi eins og sést t.d. [...].

Það er mat PFS að sá grunnur sem lagður var í kostnaðargreiningum sem gerðar voru á árunum 2002 og 2009 séu grundvöllur þeirrar aðferðarfræði sem beitt er í endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugaleigu.

Miðað við ofangreindar forsendur verður grunnverð heimtaugar 1.042 kr. á mánuði, verð fyrir skiptan aðgang 344 kr. á mánuði og því er verð fyrir fullan aðgang að heimtaug 1.386 kr. á mánuði, byggt á kostnaðargrunni ársins 2012, sbr. eftirfarandi útreikninga. Um er að ræða 8,6% hækkun frá núverandi gjaldskrá. Miðað við línúígildi í lok apríl 2013 má áætla að hækkunin skili sér í auknum tekjum upp á [...] millj. kr. á ársgrundvelli.


[...]

2.8.3 Verðsamanburður við sambærilega samkeppnismarkaði

PFS hefur gert verðsamanburð á ofangreindri niðurstöðu, um verð fyrir fullan aðgang að heimtaugum, við gjaldskrár á EES-svæðinu². Miðað var við verð í lok 2012 og meðalgengi síðasta ársfjórðungs 2012. Nýtt verð fyrir fullan aðgang að heimtaugum svarar til 8,5 € en meðaltal samanburðarlandanna er 8,3 €.

² Að undanskildu Liechtenstein.

Mánaðarverð fyrir fullan aðgang að heimitaugum í samanburðarlöndunum



Framkvæmdastjórn ESB er með í smíðum ný tilmæli um beitingu samræmdrar jafnræðiskvaðar og kostnaðargreiningaraðferða til að auka samkeppni og efla fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsnetum (NGA).³ Í drögunum að tilmælunum kemur fram að stefnt er að því að eftirlitsstofnanir noti BU-LRIC+ líkön⁴ í framtíðinni við ákvörðun á verði fyrir aðgang að heimitaugum. Framkvæmdastjórnin hefur skoðað nýlegar niðurstöður úr BU-LRIC+ líkönum og áætlað að niðurstaðan úr slíkum líkönum muni skila verðum fyrir fullan aðgang að koparheimtaugum í Evrópusambandinu á bilinu 8 til 10 €⁵. Stefnt er að því að þær eftirlitsstofnanir sem ekki nota það kostnaðarlíkan sem lagt er til, stuðli að því að verð fyrir fullan aðgang að heimitaugum fari ekki út fyrir þetta verðbil.

2.8.4 Niðurstaða

Í samræmi við 3. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti lagði PFS þá kvöð á Mílu með ákvörðun nr. 26/2007 að gera kostnaðarlíkan fyrir heimitaugar sem byggði á staðfærslu sögulegs kostnaðar (FAC)⁶. Jafnframt áskildi PFS sér þann möguleika að nota heimild laganna til að taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt. PFS myndi einnig meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar hvort hentugra væri að styðjast við LRIC⁷ aðferð frekar en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

Með vísun til framangreinds verðsamanburðar við EES lönd og samanburðar við fyrri kostnaðargreiningar (2002–2011) þá telur PFS að kostnaðargreind verð Mílu með breytingum PFS, sem byggjast á staðfærslu sögulegs kostnaðar, endurspegli hagkvæmt rekið

³ Draft Recommendation on Consistent non-discrimination obligations and costing methodologies to promote competition and enhance the broadband investment environment.

⁴ Talað er um „bottom-up“ LRIC líkan (BU-LRIC) þegar um er að ræða kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði.

⁵ Miðað við verðlag ársins 2012.

⁶ Fully allocated costs.

⁷ Langtíma viðbótarkostnaður.



koparheimtauganet. Því telur PFS ekki þörf að beita annarri kostnaðargreiningaraðferð eða verðsamanburði við ákvörðun heimtaugaverðs að þessu sinni.

PFS hyggst því ákvarða grunnverð heimtaugar **1.042 kr.** á mánuði, verð fyrir skiptan aðgang **344 kr.** á mánuði og því er verð fyrir fullan aðgang að heimtaug **1.386 kr.** á mánuði, byggt á kostnaðargrunni ársins 2012, sbr. útreikninga í lið 2.8.2 hér að ofan.

Verðum í Viðauka 1a (grunnþjónusta) í samningi Mílu um opinn aðgang að heimtaugum skal breytt til samræmis.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu ehf., dags. 17. apríl 2013, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari.

Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug skal vera 1.386 krónur á mánuði án vsk. Þar af skal grunnverð (neðra tíðnisvið) vera 1.042 krónur og verð fyrir skiptan aðgang (efra tíðnisvið) vera 344 krónur.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal taka gildi 1. ágúst 2013.

Míla skal uppfæra viðmiðunartilboð fyrir opinn aðgang að heimtaugum eigi síðar en við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. júlí 2013

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Viðauki – Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)